



Bókun skipulags- og umhverfisnefndar vegna „Matsáætlunar um Brekknaheiði og Sauðanesháls – vindorkuvirkjun“

3.. Matsáætlun vegna vindorku á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi dags. 11.12.2025.

03.1 Beiðni um umsögn frá Skipulagsstofnun um matsáætlun vegna vindorku á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi.

„Wpd wind Iceland north ehf.“ hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar sem EFLA hefur unnið fyrir fyrirtækið um „Brekkaheiði og Sauðanesháls vindorkuvirkjun“. Í framhaldi af því hefur Skipulagsstofnun farið fram á umsögn sveitarfélagsins um matsáætlunina.

Bókun um afgreiðslu: Skipulagsnefnd Langanesbyggðar hefur farið yfir tillögu að matsáætlun fyrir vindorkuvirkjun á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi. Um er að ræða mjög umfangsmikla framkvæmd, allt að 74 vindmyllur með allt að 210 m heildarhæð og allt að 532,8 MW uppsett afl, í um 3,5 km fjarlægð frá Þórshöfn. Með hliðsjón af stærð framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar á opnu heiðasvæði og mögulegum langtímaáhrifum telur nefndin að gera verði ríkar kröfur til matsáætlunar og umhverfismats.

Svæðið er skilgreint sem hluti af óbyggðum víðernum og landslagssgerð Langaness. Nefndin telur að áhrif allt að 210 m hára mannvirkja á slíkt landslag geti verið veruleg og óafturkræf. Því telur nefndin að umhverfismat þurfi að byggja á víðtækari sjónrænum greiningum en fyrirbyggjandi matsáætlun gerir ráð fyrir, þar á meðal hvað varðar upplifun víðerna, fjarsýni (sjónmengun), myrkurgæði (ljósamengun) og ásýnd frá þéttbýli, helstu samgöngu- og ferðaleiðum og lykilútsýnisstöðum.

Samþykkt samhljóða.